

5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis samkv. ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafli er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskráum um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins.

IV. ANNAÐ

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWstgjaldi á gjaldskrárlið 23. Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. júní 1975, skv. auglýsingu nr. 201 22. maí 1975, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er eldri gjaldskrá sama efnis úr gildi felld.

Lönaðarráðuneytið, 26. maí 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 246.

5. júní 1975.

REGLUR

um sérstaka skráningu bifreiða til notkunar um stundarsakir hér á landi.

1. gr.

Heimilt er að skrá samkvæmt reglum þessum bifreiðir, sem inn eru fluttar án greiðslu aðflutningsgjalda.

Heimild þessi tekur aðeins til ónotaðra bifreiða, sem keyptar eru hér á landi, og hafa eigi verið skráðar áður hérlendis eða erlendis.

Reglur þessar ná eigi til bifreiða þeirra, sem úrlendisréttar njóta.

2. gr.

Rétt til að fá bifreið skráða samkvæmt reglum þessum hefur sá maður, sem staddur er hér á landi, en hefur átt lögheimili erlendis a. m. k. næstliðin 2 ár, og

ekki jafnframt átt lögheimili hér á landi. Skráning er háð því, að eigandi bifreiðarinnar skuldbindi sig til að hlíta eftirtöldum almennum skilyrðum:

- a. Að hann aki bifreiðinni sjálfur, maki hans eða launaðir ökumenn hans.
 - b. Að bifreiðin verði ekki lánuð, leigð eða notuð til flutninga gegn greiðslu.
 - c. Að hann flytji bifreiðina til útlanda, þegar hann fer af landi brott.
 - d. Að hann hliti þeim nánari reglum, sem settar kunna að verða um bifreiðir þessar og eftirlit með þeim.
- Skráningartími er 3 mánuðir.

3. gr.

Heimilt er að framlengja skráningartíma bifreiðar, sem skráð hefur verið samkvæmt 1., sbr. 2. gr., um 3 mánuði í senn, allt að tólf mánuðum frá fyrstu skráningu, enda færi hinn skráði eigandi sönnur á, að hann fullnægi eftirtöldum frekari skilyrðum:

- a. Að hann hafi hvorki launaða atvinnu hér á landi né reki hér atvinnufyrirtæki.
- b. Að hann hafi ekki tekið sér lögheimili hér á landi.
- c. Að hann hafi ekki flutt búslóð sína hingað til lands.

Nú eru framangreind skilyrði eigi fyrir hendi, og er þá í undantekningartilvikum heimilt að framlengja skráningartíma um þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum frá fyrstu skráningu.

4. gr.

Nú eru skilyrði fyrir skráningu bifreiðar samkvæmt 2. gr. eða framlengingu skráningar samkvæmt 3. gr. rofin eða forsendur skráningar niður fallnar, og skal lögreglustjóri þá þegar í stað taka bifreiðina úr notkun.

5. gr.

Þegar gildistíma skráningar lýkur, er notkun bifreiðar óheimil hér á landi, enda hafi venjuleg skráning ekki farið fram. Nú hefur bifreið eigi verið flutt úr landi fyrir lok gildistíma skráningar, og skal hún þá tekin úr notkun.

6. gr.

Lögreglustjórinn í Reykjavík og bæjarfógetinn á Akureyri annast skráningu og framlengingu skráningartíma bifreiða samkvæmt reglum þessum. Áður en skráning eða framlenging skráningar fer fram, skal liggja fyrir yfirlýsing tollyfirvalds um, að skilyrði skráningar eða framlengingar, sbr. 2. og 3. gr., séu fyrir hendi, svo og gögn um að lögmæltum reglum um váttryggingu og skoðun hafi verið fullnægt.

Fyrir skráningu bifreiðar skal greiða gjald til ríkissjóðs, kr. 2 000.00, en fyrir framlengingu hverju sinni, kr. 1 000.00 og annast viðkomandi lögreglustjóri innheimtu þess.

7. gr.

Á hverri bifreið, sem skráð er samkvæmt reglum þessum, skulu vera skráningarmerki að framan og aftan. Skráningarmerkin skulu vera með fjórum hvítum tölustöfum (0001—9999), 90 mm á hæð, á svörtum grunni. Á hvorri hlið skráningarmerkis skal vera 45 mm lóðrétt rauð rönd. Vinstra megin skal skrá með hvítum tölustöfum röð þess mánaðar og hægra megin tvo síðustu tölustafi þess árs. Þegar gildistíma skráningar lýkur.

Bifreiðaeftirlit ríkisins sér um gerð skráningarmerkja, sem viðkomandi lögreglustjóri lætur í té gegn því gjaldi, sem ráðuneytið ákveður.

Auk skráningarmerkis skal bifreið búin íslensku þjóðernismerki (ÍS).

8. gr.

Í skráningarskírteini skal tilgreina, hvenær gildistíma skráningar lýkur.

9. gr.

Ákvæði reglna þessara gilda með sama hætti um bifhjól. Skráningarmerki þeirra skulu vera 90 mm á hæð og stafir minni í sama hlutfalli.

10. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

11. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 10. tölulið 3. gr. laga nr. 6 5. mars 1974 um tollskrá o. fl., sbr. og umferðarlög nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. júní 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Akraness.

I. KAFLI

RAFORKUSALA

Rafveita Akraness selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Almenn notkun.

A.1. **Til lýsingar:** Um kWst.-mæli á kr. 8.41 hverja kWst. auk fastagjalds er reiknast þannig:

Kr. 13.80 á mánuði af hverjum m² gólfflatar, er lýsa skal. Þó skal aðeins reikna helming gólfflatar til gjalda í göngum og geymslum o. þ. h. Einnig í sjúkrahúsum, elliheimilum og vistheimilum fyrir börn. Ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.

B.1. **Til heimilisnotkunar:** Um kWst.-mæli á kr. 7.14 hverja kWst. auk fastagjalds, er reiknast þannig:

Kr. 60.30 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal reikna sem hálf, en ef herbergi er stærra en 25 m² skal reikna hverja byrjaða 25 m² sem herbergi.

C.1. **Til véla:** Um kWst.-mæli á kr. 8.41 hverja kWst. auk fastagjalds, er reiknast þannig:

Kr. 178.30 á mánuði fyrir hvert kW í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum barna og í gisti- og veitingahúsum.